

um breytingar á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson, Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

b-liður 1. gr. laga nr. 16 26. febr. 1943 falli niður.

2. gr.

15. gr. sömu laga orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum um greiðslu orlofsfjár samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning eftir sömu reglu og gildir um vinnulaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk stjórnar Alþýðusambands Íslands, og hefur hún gert svofellda grein fyrir málinu:

„Alþýðusamband Íslands telur, að nauðsyn beri til að breyta 15. gr. laga um orlof þann veg, að um fyrning orlofskrafna á hendur atvinnurekendum fari samkvæmt lögum um fyrning kaupkrafna yfirleitt.

Til skýringar viljum vér aðeins taka þetta fram:

Samkvæmt 15. gr. orlofslaganna fyrnast kröfur um orlof á hendur atvinnurekendum, ef þær hafa eigi verið viðurkenndar eða lögsókn hafin, áður en næsta orlofsár er liðið, frá því kröfurnar stofnuðust.

Oss er kunnugt um, að þrásinnis hefur það borið við, að launtakar hafi tapað óvfengjanlegum rétti sinum til orlofs ýmissa ástæðna vegna, svo sem erfiðrar aðstöðu í dreifbýli eða á afskekktum stöðum til að ná í lögfræðilega aðstoð, svo og vegna þess, að ýmsir hafa talið eins og sjálfsagðan hlut, að fyrning kaupkrafna og orlofskrafna, sem svo mjög eru tengdar hvor annarri í eðli sínu, fylgdust að, enda virðist liggja í hlutarins eðli, að svo sé.

Enn fremur kom á nýafstöðnum landsfundi sambandsstjórnar Alþýðusambandsins fram mjög eindregin ósk um það, að sú breyting yrði gerð á orlofslögunum, að allir sjómenn hefðu ótvíraðan og óskertan rétt til orlofs, að öllu leyti á kostnað útgerðarmanns.

Það virðist liggja í augum uppi, hversu ósanngjarnt það er, að sú starfsstétt, sem viðurkennt er, að vinni eitt erfiðasta og þjóðnytsamlegasta verkið, skuli ekki njóta réttar til jafns við aðrar starfsstéttir landsins, að því er snertir skilyrði til hvildar og hressingar, enda ríkir almenn óánægja meðal hlutasjómanna út af þessu misrétti.“